



Veðurstofa Íslands

Bústaðavegi 7-9

Reykjavík

Skrifstofa Ísafirði – Óliver

Kirkjubóli, 29.7., 2015

Hjálagt sendum við eigendur Kirkjubóls í Korpudal, 3 myndir teknar frá íbúðarhúsi jarðarinnar upp bæjarhrygg og Bæjarfjall ofan húsa jarðarinnar.

Eins og sjá má hefur myndast síðustu ár í leysingum vatnsfarvegur niður hrygginn með krappri beygju í átt út fjörðinn.

Nú er meiri hættu á að hugsanlegt snjóflóð úr gilinu breyti fari sínu í átt að bæjarhúsunum og þar valdið eyðileggingu og hættu.

Til varnar hættunni viljum við fara þess á leit að breytt verði lagi hrygghaussins þannig að jarðvegur efst á hryggnum verði færður, frá hægri til vinstri séð upp Hlíðina og fyllt upp í lækjarfarveginn efst í beygju hans.

Við þessa einföldu jarðvegsbreytingu, þ.e. færa jarðveginn efst á hryggnum í upprunalegt horf, féllu flóð framvegis innar niður (til hægri séð upp fjallið) og fjarri mannabyggð.

Geta má þess að úr gili þessu hafa oftsinnis fallið verulega stór snjóflóð enda gilið í upb. 400-750 metra hæð frá sjávarmáli og ríkjandi vindátt þvert á gilið frá dalnum.

Með von um að þessi ósk okkar mæti skilningi viðkomandi yfirvalda og framkvæmdin geti átt sér stað og hættunni bægt frá áður en skaði verður.

Virðingarfyllst,

Páll Stefánsson kt: 230646-4069

KORPUDALUR@CENTRUM.IS